

# REGLUR

## um verðupplýsingar í auglýsingum.

Þegar verðupplýsingar eru gefnar í auglýsingum til neytenda verður að gefa þær með eftirfarandi hætti:

1. gr.

Uppgefið verð skal vera endanlegt verð til kaupanda.

2. gr.

*Mælieiningaverð.*

Þegar söluverð vöru er birt í ritaðri eða prentaðri auglýsingu skal einnig tilgreina mælieiningaverð.

3. gr.

*Útsala auglýst.*

Þegar útsala er auglýst eða verðlækkun þarf að koma fram hvert hið upprunalega verð vörunnar var. Þá kröfu verður að gera að borið sé saman sambærilegt verð fyrir útsölu og á útsölu.

4. gr.

Ef einhverjar upplýsingar eru gefnar í auglýsingum um greiðslukjör eða afborganir skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

4.1. Staðgreiðsluverð.

4.2. Heildarupphæð sem greiða skal, þ.e. samtala höfuðstóls, vaxta og kostnaðar, miðað við tiltekinn lánstíma.

Samkeppnisráð hefur sett reglur þessar til þess að koma í veg fyrir að upplýsingar um verð í auglýsingum séu rangar, ófullnægjandi eða villandi, sbr. 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og eru þær settar með heimild í 30. gr. laganna.

*Reykjavík, 13. janúar 1995.*

*Samkeppnisstofnun.*

**Georg Ólafsson.**

*Sigrún Kristmannsdóttir.*